

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjaness fimmtudaginn 7. júlí 2011 í máli nr. U-3/2011:

R

(Ómar Örn Bjarnþórsson hdl.)

gegn

A

(Sonja María Hreiðarsdóttir hdl.)

Mál þetta var þingfest 18. maí 2011 og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 5. júlí sl. Sóknaraðili er R, til heimilis að [...], [...], en varnaraðili er A, til heimilis að [...], [...].

Sóknaraðili krefst þess að dómurinn úrskurði að stúlkurnar K, kt. [...] og S, kt. [...], sem báðar lúta forsjá móður sinnar, varnaraðila málsins, verði vistaðar utan heimilis varnaraðila í tólf mánuði frá 15. apríl 2011 að telja, sbr. 1. mgr. 28. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Ekki er krafist málskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila um vistun dætra varnaraðila, K og S, utan heimilis í tólf mánuði frá 15. apríl 2011 að telja, verði hafnað og að stúlkurnar verði þegar í stað afhentar varnaraðila á heimili þeirra að [...].

Til vara er þess krafist að stúlkurnar verði vistaðar saman á sama stað á Íslandi og að vistun þeirra verði ákveðin skemmri tími en 12 mánuðir. Til þrautavara er þess krafist að vistun stúlkanna verði á Íslandi og að vistun verði ákveðin skemmri tími en til 12 mánaða.

Þá er krafist lögmannsbóknunar að viðbættum virðisaukaskatti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

I

Með úrskurði sóknaraðila, dagsettum 20. apríl 2011 var ákveðið að dætur varnaraðila skuli vistaðar á heimili á vegum sóknaraðila í allt að tvo mánuði frá 20. apríl 2011 að telja. Í greinargerð sóknaraðila kemur fram að varnaraðili máls þessa sé 36 ára gömul og fari ein með forsjá tveggja dætra sinna, K, kt. [...], og S, kt. [...]. Hafi mál þeirra verið til meðferðar hjá sóknaraðila síðan í ágúst 2008 en hafi áður verið til meðferðar hjá [...] á höfuðborgarsvæðinu og Barnavernd [...] allt frá

fæðingu K. Þegar málið hafi borist sóknaraðila hafi fljótlega komið í ljós að þörf hafi verið á frekari stuðningi og í kjölfarið hafi verið skrifað undir áætlun um meðferð máls. Varnaraðili hafi samþykkt að sækja SOS uppeldisnámskeið auk þess sem tilsjón var sett inn á heimili varnaraðila og henni veitt aðstoð við að greiða leikskólagjöld fyrir S. Umgengni K við föður sinn, J, hafði verið stopul vegna samskiptaörðugleika milli foreldra og af þeim sökum hafi verið reynt að bæta samskipti K við föður sinn. J hafi farið fram á það við varnaraðila að K flytti til sín og eiginkonu hans en þau hjónin hafi lýst yfir áhyggjum sínum af aðstæðum stúlkunnar. Varnaraðili hafi ekki fallist á það.

Í apríl 2009 hafi borist tilkynning frá [...]skóla um að K hafi reynt að kyrkja sig með því að setja belti í höldur á skúffu inni á baðherbergi. Farið hafi verið inn á heimilið og hafi K í kjölfarið fengið sálfræðiviðtöl hjá [...], skólasálfræðingi í [...]skóla. Í ágúst sama ár hafi verið undirrituð ný áætlun um meðferð máls. Þar hafi aftur verið lögð áhersla á SOS námskeið en varnaraðili hafði ekki sótt slíkt námskeið þrátt fyrir fyrri áætlanir. Einnig hafi verið ákveðið að K myndi sækja tíma hjá skólasálfræðingi og að varnaraðili fengi uppeldislega ráðgjöf. Þá hafi verið ákveðið að K færi reglulega heim til tilsjónaraðila þar sem hún fengi aðstoð með heimanám og fleira. Auk þess hafi S farið til stuðningsfjölskyldu. Í október 2009 hafi ástandið á heimilinu verið orðið það alvarlegt að ákveðið hafi verið að neyðarvista stúlkurnar. Mikil óreiða og óþrifnaður hafi verið á heimilinu en varnaraðili hafði sjálf viðurkennt að þjást af söfnunaráráttu. Varnaraðili hafi á þessum tíma verið afar niðurlát og sagðist eiga við þunglyndi að stríða. Stúlkurnar hafi því verið neyðarvistaðar í rúmlega viku og hafi varnaraðili fengið tíma til að koma heimilinu í viðunandi horf og fengið daglega aðstoð frá starfsmanni til að aðstoða sig á heimilinu. Varnaraðili hafi borið því við að stúlkurnar hafi ekki verið nógu duglegar að laga til og að það væri ómögulegt fyrir hana að halda heimilinu hreinu með börn sem löguðu ekki til eftir sig. Í lok október 2009 hafi borist tilkynning frá [...], leikskóla S, þar sem tilkynnt hafi verið um áhyggjur af heimilisáðstæðum S og að móðirin legði of mikla ábyrgð á dóttur sína. Í nóvember sama ár hafi verið skrifað undir nýjar áætlanir um meðferð máls, þar sem lögð hafi verið til tiltekin úrræði vegna heimilisins. Þá hafi varnaraðili átt að mæta í [...] tvisvar í viku, sem sé úrræði fyrir geðfatlaða.

Í mars 2010 hafi borist tilkynning um að K væri að hóta að svipta sig lífi með eldhúshníf. Í kjölfarið hafi verið farið í vitjun á heimilið og þá komið í ljós að varnaraðili hafi verið veik. Hún hafi ekki náð að koma stúlkunum á leikskóla og í skóla og hafi heimilið verið í slæmu ásigkomulagi. Af þeim sökum hafi verið ákveðið að neyðarvista stúlkurnar í annað sinn þar sem varnaraðili hafi ekki treyst sér ekki til að hafa þær hjá sér. Varnaraðili hafi íhugað á þessum tíma hvort K ætti að fara í fóstur þar sem hún hafi verið svo erfið. Hafi varnaraðili borið því við að stúlkurnar væru ekki nógu duglegar að ganga frá eftir sig og þess vegna væri ógerningur að halda heimilinu hreinu. Vegna sjálfsvígshótana K hafi verið farið með hana á BUGL og 22. mars 2010 hafi hún fengið tíma hjá bráðateymi BUGL. Áður hafi varnaraðili haft samband við B, barnalækni, sem ávísaði lyfinu concerta fyrir K. Einnig hafi verið áhyggjur af því að K hafi enn sofíð með bleyju og pissað undir á nóttunni. Varnaraðili hafi sagt að K væri með aðskilnaðarkvíða og vildi ekki víkja frá sér og að hún hafi talað um að vilja deyja fyrir ári síðan. BUGL hafi hvatt varnaraðila til að gefa K lyfið sem barnalæknir hafi ávísað en niðurstaða teymisins hafi verið að K notaði sjálfsvígshótanir sem stjórnþæki. Lagt hafi verið til að gert yrði nýtt þroskamat en BUGL hafi ekki talið ástæðu til frekari afskipta.

Starfsmaður neyðarheimilisins, sem vistaði stúlkurnar á þessum tíma, hafi haft áhyggjur af því að K bæri of mikla ábyrgð heima hjá sér. K hafi meðal annars talað um að þær systur og móðir þeirra myndu deyja af því að þær ættu ekki peninga fyrir mat. Hún hafi einnig sagt frá því að þær ættu að drekka mikið vatn fyrir matinn því þá þyrftu þær að borða minna. K hafi einnig haft áhyggjur af því að fuglarnir hennar myndu deyja því þeir fengu svo lítinn mat. Þá hafi K sagt frá því að hún væri áhyggjufull yfir því hvað hún ætti að segja við konurnar þegar hún færi á BUGL. Hún hafi sagt að móðir hennar hafi sagt sér að hún ætti að segja sér líða illa í skólanum en hið rétta væri að henni liði aðeins illa þegar hún væri heima hjá sér.

Í maí 2010 hafi borist tilkynning um að mikið drasl væri á heimilinu og að stúlkunum væri algjörlega misboðið með umgengninni á heimilinu. Varnaraðili hafi á þessum tíma verið að flytja og hafi það verið fyrrverandi leigusali sem tilkynnti. Í júlí sama ár hafi borist tilkynning frá vegfaranda sem hafði orðið vitni að börnum í kynferðislegum leik við leikskóla í bænum og hafi stúlkurnar verið þátttakendur í leiknum. K hafi verið með í leiknum og S fylgst með. Vegna alvarleika málsins og í ljósi þess að lítið hafði áunnist á heimilinu þrátt fyrir verulegan stuðning hafi verið ákveðið að leita eftir samþykki móður fyrir því að gangast undir foreldrahæfnismat. Varnaraðili hafi samþykkt það og hafi í framhaldi einnig verið ákveðið að auka stuðningshelgar fyrir stúlkurnar og hafi þær þá báðar farið aðra hvora helgi til stuðningsfjölskyldu. Þá hafi varnaraðili samþykkt að sótt yrði um fyrir hana í endurhæfingarúrræðinu Samvinnu. Auk þess hafi leikskólagjöld verið greidd fyrir S.

Fyrir liggur foreldrahæfnismat sem framkvæmt var af sálfræðingunum V og G. Samkvæmt sálfræðiprófunum mældist greind varnaraðila undir meðalgreind. Persónuleikapróf sýndu að hún er barnaleg, eigi við depurð/þunglyndi að stríða og að hún sé reið og ásakandi í garð annarra. Einnig kom fram að varnaraðili sé tilfinningarlega viðkvæm og þoli illa gagnrýni og að hún hafi takmarkaða getu til að takast á við streitu og vandamál daglegs lífs. Tengslapróf hafi sýnt að hún vilji vel í uppeldishlutverkinu en hafi takmarkaða færni við að setja mörk og halda uppi aga. Þá þóttu ýmis atriði benda til þess að varnaraðila skorti nægilegan skilning á þörfum dætra sinna. Einnig kom fram að varnaraðili misnoti og vanræki stúlkurnar tilfinningarlega og þær beri þess merki að vera vanræktar. Mikill skortur væri á skýrum ramma, leiðbeinandi reglum og festu í lífi þeirra. Það sé enn fremur skoðun matsmanna að gera þyrfti róttækar breytingar á uppeldishögum stúlkanna og að nauðsynlegt sé að barnaverndaryfirvöld stuðli að margvíslegum breytingum á uppeldisaðstæðum þeirra.

Tillögur matsmanna hafi verið lagðar til grundvallar nýrri áætlun um meðferð máls, dagsettri 15. október 2010. Markmið þeirrar áætlunar hafi verið að ná fram róttækum breytingum á uppeldisaðstæðum stúlkanna með þéttri tilsjón inn á heimilið, heimaþjónustu og heimaþrifum auk þess sem varnaraðila yrði gert að sækja námskeiðið Kjarnakonur. Einnig að reglulegir samráðsfundir yrðu haldnir með skóla og stuðningsfjölskyldum fyrir báðar stúlkurnar tvær helgar í mánuði ásamt frístundaúrræðum fyrir þær báðar. Þann 13. janúar 2011 hafi varnaraðili komið til fundar hjá sóknaraðila. Áætlun um meðferð máls hafi verið að renna út og því hafi þótt nauðsynlegt að ræða framhaldið. Ljóst hafi verið að sá öflugri stuðningur sem lagt hafi verið upp með hafi ekki verið að skila viðunandi árangri

og því óhjákvæmilegt annað en að ræða vistun utan heimilis fyrir stúlkurnar. Hafi varnaraðili hafnað því að fá sama tilsjónaraðila aftur inn á heimili sitt.

Þann 17. janúar 2011 hafi borist tilkynning um óþrifnað á heimili þeirra og þremur dögum síðar hafi S farið í neyðarvistun. Stúlkurnar hafi þá báðar verið mikið veikar og varnaraðili ekki í nokkru ástandi til að annast þær. Hafi það verið mat starfsmanna sóknaraðila að ekki væri lengur hægt að sættast á að stúlkurnar væru hjá móður sinni. Hafi málið verið lagt fyrir sóknaraðila 28. febrúar 2011. Þar hafi starfsmaður nefndarinnar lagt til að stúlkurnar yrðu vistaðar varanlega utan heimilis. Samkomulag hafi í kjölfarið náðst við varnaraðila um að stúlkurnar yrðu vistaðar utan heimilis í sex mánuði eða frá og með 7. mars til 7. september. D, fósturmóðir stúlnanna, hafi ætlað að fara með stúlkurnar til Spánar og hafi stefnan verið sú að K yrði eftir á Spáni hjá föður sínum og fjölskyldu hans. Í lok mars hafi verið farið í vitjun á fósturheimilið þar sem félagsráðgjafi hafi rætt einslega við K. Hafi þar komið fram skýr vilji hjá henni til að dvelja hjá föður sínum. Starfsfólk sóknaraðila hafi metið það svo að stúlkurnar hafi verið í betra jafnvægi en áður, þær litið vel út og verið hraustlegri. Í lok mars 2011 hafi varnaraðila verið tilkynnt um að búið væri að festa kaup á flugmiða til Spánar fyrir stúlkurnar. Varnaraðili hafi þá lýst undrun sinni yfir því að K ætti að fara til föður síns yfir sumartímamann og sagðist einungis hafa samþykkt að hún færi þangað í heimsókn. Þann 5. apríl sama ár hafi varnaraðili komið til fundar á [...] ásamt E, lögfræðingi sínum. Þar hafi varnaraðili dregið samþykki sitt til baka varðandi vistun K hjá föður sínum og taldi sig ekki geta samþykkt að hún dveldi þar lengur en í þrjár vikur.

Þegar ljóst hafi verið að varnaraðili hafði dregið samþykki sitt til baka hafi verið ákveðið að leggja mál þetta fyrir sóknaraðila í annað sinn. Varnaraðili hafi komið til fundar hjá sóknaraðila 12. apríl 2011 þar sem lögð hafi verið fram greinargerð F, félagsráðgjafa. Lögfræðingur varnaraðila mótmælti því fyrir hennar hönd að K yrði vistuð hjá föður sínum og einnig að stúlkurnar yrðu aðskildar. Með úrskurði sóknaraðila, dagsettum 20. apríl 2011, hafi verið tekin sú ákvörðun að vista stúlkurnar á heimili á vegum sóknaraðila í allt að tvo mánuði frá og með 15. apríl að telja, sbr. a-lið, 1. mgr. 27. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Í greinargerð varnaraðila segir að varnaraðili sé einstæð móðir með tvö börn. Hún sé öryrki vegna bílslysa sem hún hafi lent í árunum 2004 og 2006 og hafi endurhæfing gengið hæglega. Hún sé reglusöm, reyki ekki og drekki hóflega. Áhugamál hennar snúi að börnum hennar og hannyrðum. Hún búi í öruggri leiguíbúð ásamt dætrum sínum og njóti aðstoðar móður sinnar sem búi í næsta nágrenni við hana. Þá búi bróðir hennar einnig í [...] ásamt fjölskyldu sinni. Varnaraðili hafi í mörg ár notið félagslegrar aðstoðar, fyrst í [...] og svo í [...]. Afskipti sóknaraðila hafi hafist fljótlega eftir að varnaraðili hafi flutt í [...]. Varnaraðili hafi alla tíð verið til fullrar samvinnu við félagsmálayfirvöld og Barnaverndarnefnd og hafi eftir bestu getu farið í einu og öllu eftir fyrimælum sem henni hafa verið sett. Nú síðast í byrjun mars hafi hún gengið frá samkomulagi við nefndina um tímabundna vistun dætra sinna utan heimilis í sex mánuði og hún undirritað samþykki sitt fyrir vistunni 3. mars 2011. Hafi varnaraðili talið að hagsmunum dætra sinna væri best borgið með þessum hætti og að hún með samvinnu við barnaverndaryfirvöld fengi þær aftur til sín að þeim tíma loknum. Gert hafi verið ráð fyrir ríflegri umgengni varnaraðila við dætur hennar á meðan á vistun stæði þó ekki hafi verið gengið frá því með formlegum hætti. Hafi hún strax notið umgengi við þær aðra hvora helgi frá því að þær fluttu til fósturaðila.

Samkvæmt samkomulaginu yrðu stúlkurnar vistaðar saman hjá fósturaðila sem býr í [...] og varnaraðili hefur átt góð samskipti við. Samkvæmt samkomulaginu hafi verið gert ráð fyrir að K færi í umgengni til föður síns í lok skólaárs á vistunartímabilinu.

Fósturaðili dætra varnaraðila hafi ætlað að fara til Spánar vorið 2011 í vikufæri og hafi ætlunin verið að hún tæki dætur varnaraðila með og að K færi í framhaldi í umgengni til föður, sem búsettur sé á Spáni í þrjár vikur. Barnaverndarnefnd hafi síðan ákveðið að K ætti að verða eftir hjá föður sínum á Spáni og að hún ætti dvelja hjá honum þar til hinni tímabundnu vistun sem samkomulag var um lyki. Varnaraðila hafi verið tilkynnt um þessar áætlanir Barnaverndarnefndar í lok mars 2011. Hafi hún strax lýst sig mótfallna þessari tilhögun enda ekki í samræmi við samkomulag aðila. Hún hafði gefið samþykki sitt fyrir að K færi í umgengni til föður síns í 2-3 vikur. Taldi það góða byrjun á umgengni feðginanna sem hafði verið stopul fram að þessu. Þá þýddi þetta að K yrði ekki á landinu fram í september nk. og ekkert yrði af umgengni K við varnaraðila og systur sína á tímabili sem mikilvægt var að nota vel til uppbyggingar fyrir fjölskylduna áður en stúlkurnar myndu flytja heim aftur.

Varnaraðili kveðst hafa mætt á fund hjá Barnaverndarnefnd 5. apríl 2011 ásamt þáverandi lögmanni sínum og lýst ofangreindri skoðun sinni og að hún gæti ekki samþykkt vistun K hjá föður með þeim hætti sem nefndin hafi sett það upp. Í framhaldi hafi starfsmaður Barnaverndarnefndar lagt fram greinargerð fyrir sóknaraðila þar sem gerð hafi verið tillaga um vistun stúlkanna utan heimilis samkvæmt 27. gr. laga nr. 80/2002 og að í framhaldi yrði farið fram á tímabundna vistun utan heimilis samkvæmt 28. gr. sömu laga í eitt ár.

Varnaraðili hafi verið með vegabréf dætra sinna og því gengið út frá því að ekkert yrði af ferð þeirra til Spánar án samþykkis og samráðs við hana. Þegar dætur hennar hafi komið til að kveðja hana í lok maí sl. hafi hún áttað sig á því að Barnaverndarnefnd hefði sótt um vegabréf fyrir dætur hennar án samþykkis hennar og fengið þau afgreidd. Hafi orðið töluverð uppákoma vegna þessa en varnaraðila hafi ofboðið löglaugar aðgerðir nefndarinnar með öllu en ekki einasta væru dætur hennar nú vistaðar utan heimilis heldur yrði önnur þeirra vistuð í erlendu ríki. Þá hefur varnaraðili gert margvíslegar athugasemdir við málavaxtalýsingu sóknaraðila og mótmælt henni í mörgum atriðum.

II

Sóknaraðili kveður kröfuna um að K og S verði vistaðar utan heimilis varnaraðila í tólf mánuði byggða á 1. mgr. 28. gr. laga nr. 80/2002, enda þyki sóknaraðila nauðsynlegt að vistun stúlkanna standi lengur en í tvo mánuði líkt og nánar sé rakið í úrskurði sóknaraðila. Á því sé byggt af hálfu sóknaraðila að meðalhófsreglunnar hafi verið gætt í hvívetna við meðferð málsins og að ekki hafi verið gripið til viðurhlutameiri úrræða en nauðsyn hafi krafist. Nú sé hins vegar svo komið að vægari úrræða en vistun utan heimilis dugi ekki til og því nauðsynlegt að vistun standi lengur en þá tvo mánuði sem sóknaraðili hefur úrskurðað um og því sé krafist að dómurinn úrskurði um að vistun utan heimilis standi í tólf mánuði.

Krafa sóknaraðila sé byggð á því að varnaraðili eigi við fjölþættan vanda að stríða sem hún hafi ekki náð tökum á með viðeigandi hætti né viljað nýta sér alla þá

fjölbreyttu aðstoð sem henni hafi staðið til boða í gegnum tíðina. Þrátt fyrir að hafa nýtt sér hluta af þeim úrræðum sem henni hafi verið boðin hafi henni ekki tekist að koma aðstæðum á heimilinu í viðunandi horf. Árangurinn hafi verið afar lítill og ýmis atriði bendi til þess að varnaraðili hafi ekki nægilega góðan skilning á þörfum dætra sinna og að hún geti ekki annast þær á viðunandi hátt.

Víða í gögnum málsins sé að finna nóturlegar lýsingar á þeim heimilisaðstæðum sem stúlkurnar hafi búið við og hafi heimilisaðstæður bitnað á heilsu stúlkanna og skólasókn. Varnaraðili nái ekki að sinna almennri tiltekt og þrifum á heimili þeirra og verulega skorti á reglusemi og skilning hennar fyrir þörf stúlkanna á næringarríkum mat. Einnig séu almenn þrif og tannhirða hjá stúlkunum ábótavant. Enn fremur virðist sem varnaraðila skorti getu til að hvetja dætur sínar og styðja til aukins þroska, en varnaraðili aðstoði dætur sínar lítið við heimalærdóm. Í foreldrahæfnismati þeirra V og G komi fram að K væri fremur barnaleg eða óproskuð og að málfar hennar væri ekki gott. Í samtölum við K kom fram að henni gengi illa að læra lestur og að hún væri í sérkennslu þar sem hún eigi að nota sérstakar bækur. Bækurnar hafi hún aftur á móti ekki fengið þar sem móðir hennar hafi ekki enn náð í þær. Eftir að stúlkurnar hafi verið vistaðar utan heimilis hafi verið farið í vitjun á fósturheimili þeirra. Það hafi verið mat sóknaraðila að stúlkurnar hafi verið í betra jafnvægi en áður, þær hafi lítið vel út og verið hraustlegri en þær höfðu verið hjá móður sinni. Einnig hafi ákveðin ró og værd verið yfir stúlkunum sem oft á tíðum hafi verið tættar og sýnt vanlíðan meðan þær hafi búið hjá móður sinni. Vistun stúlkanna utan heimilis varnaraðila hafi því bersýnilega haft jákvæð áhrif á stúlkurnar.

Í ákvörðun sóknaraðila um vistun stúlkanna utan heimilis felst jafnframt ályktun um hvar hagsmunum og velferð þeirra sé best borgið. Af hálfu sóknaraðila sé á því byggt að það þjóni hagsmunum stúlkanna best að vistast utan heimils um takmarkaðan tíma, enda ljóst að ekki sé unnt að vinna á vandanum á heimili þeirra. Afar mikilvægt sé að stúlkurnar dragist ekki aftur úr í námi en skólasókn hafi verið slæm hjá K og hún notið lítillar aðstoðar. Stúlkurnar þurfi því á stuðningi að halda en þær hafi ekki notið hans hjá varnaraðila. Sá stuðningur verði heldur ekki veittur á aðeins tveimur mánuðum og því nauðsynlegt að vista þær utan heimilis í lengri tíma. Að mati sóknaraðila sé lágmarkstími til að þetta úrræði gagnist stúlkunum tólf mánuðir, enda hafi vandi varnaraðila varað í mörg ár og mál stúlkanna verið til meðferðar hjá barnaverndaryfirvöldum í langan tíma. Nauðsynlegt sé að veita stúlkunum tækifæri til að dafna og þroskast við viðunandi uppeldisskilyrði. Að öllu framangreindu virtu telur sóknaraðili fullljóst að varnaraðili sé í dag óhæf til að bera ábyrgð á og sinna uppeldisskyldum gagnvart dætrum sínum. Af þessum sökum geri sóknaraðili þá kröfu að úrskurðað verði að stúlkurnar skuli vistaðar utan heimilis móður sinnar í tólf mánuði, sbr. 28. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

III

Varnaraðili kveðst byggja mál sitt á því að sóknaraðili hafi farið offari varðandi aðgerðir gagnvart sér og dætrum sínum síðustu mánuði og hafi ekki þurft að grípa til þeirra róttæku aðgerða sem gert hafi verið. Varnaraðili telji að ekki hafi verið fullreynt að ná samkomulagi um vistunina, og þannig hafi verið hægt að beita úrræði samkvæmt 24. gr. laga nr. 80/2002 með samþykki varnaraðila ef sóknaraðila hafi ekki verið svo mikið í mun að senda aðra stúlkuna úr landi og vista stúlkurnar hjá sitt hvorum aðilanum. Varnaraðili hafi gert samkomulag sem sóknaraðili hafi

brotið þegar hann hafi ákveðið að aðskilja stúlkurnar og vista aðra þeirra á erlendri grund til lengri tíma. Sóknaraðili hafi þannig brotið samkomulag aðila og hafi ekki verið til viðræðna eftir það.

Varnaraðili byggir kröfu sína um að hafnað verði kröfu sóknaraðila og að hún fái dætur sínar nú þegar heim til sín, á þeirri meginreglu barnaverndarlaga sem komi skýrt fram í 7. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, að barnaverndaryfirvöld skuli eftir föngum gæta þess að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripið sé til annarra úrræða. Þau skuli jafnframt ávallt miða við að beitt sé vægustu ráðstöfunum til að ná þeim markmiðum sem að sé stefnt. Því aðeins skuli gert ráð fyrir íþyngjandi ráðstöfunum að lögmæltum markmiðum verði ekki náð með öðru og vægara móti. Krafa varnaraðila byggir einnig á meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttar með vísan til 12. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, sbr. og 38. gr. barnaverndarlaga. Þá telji varnaraðili, með vísan til þess sem fram hafi komið hér fyrir, að skilyrði b. liðar 1. mgr. 27. gr. barnaverndarlaga geti ekki talist vera fyrir hendi þar sem ekki hafi verið reynd önnur og vægari úrræði í stöðunni, svo sem greini í 24., sbr. 23. gr. og 26. gr. barnaverndarlaga. Þá sé einnig byggt á þeirri meginreglu barnaverndarlaga að íþyngjandi ráðstafanir eiga ekki að standa lengur en þörf krefji hverju sinni, sbr. 2. mgr. 26. gr. laga 80/2002.

Þá telur varnaraðili að krafa sóknaraðila brjóti í bága við 8. gr. Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem kveði á um friðhelgi fjölskyldu og heimilis, og segir að opinberum stjórnvöldum beri að stuðla að því að sameina fjölskyldur en ekki sundra þeim. Þá byggir varnaraðili á því að úrskurður Barnaverndarnefndar frá 20. apríl 2011 hafi byggst á ómálefnalegum forsendum og að ekki hafi verið gætt jafnræðis og meðalhófs samkvæmt barnaverndarlögum og stjórnarsýslulögum í úrskurði nefndarinnar. Varnaraðili telji ljóst að vilji löggjafans með því að skipa málum þannig að úrskurður barnaverndarnefndar um vistun barns utan heimilis án samþykkis foreldra geti mest numið tveimur mánuðum hafi verið sá að slík úrræði væru skoðuð sem vægari úrræði og bæri að beita þeim og kanna áhrifin af þeim úrræðum áður en til þess kæmi að krefjast þess fyrir dómi að úrskurðað væri um lengri vistun barns utan heimilis. Varnaraðili bendir á að af gögnum málsins sé alveg augljóst að Barnaverndarnefnd hafi þegar tekið afstöðu til þess og ákveðið að varnaraðili sé ekki í þeirri aðstöðu eftir vistun samkvæmt úrskurði að hún geti tekið við umsjá stúlkunnar þar sem það var hreinlega boðað í úrskurðinum að farið yrði fram á lengri vistun fyrir dómi í kjölfarið. Að mati varnaraðila sé ljóst af gögnum málsins að Barnaverndarnefnd hafi ákveðið að varnaraðili geti ekki farið með stúlkurnar. Með þessu sé ljóst að nefndin hafi brotið gegn meðalhófi og meginreglum á sviði barnaréttar þ.e. að almennt skuli hafa það að leiðarljósi að halda fjölskyldu saman og styðja hana fremur en að skilja hana að.

Varnaraðili bendir á að hún hafi gert samkomulag við Barnaverndarnefnd um 6 mánaða vistun stúlkunnar utan heimilis og jafnframt að henni yrði tryggð mikil umgengni á meðan á þeirri vistun stæði. Því hafi það komið henni í opna skjöldu þegar hún hafi áttað sig á því fyrirkomulagi sem Barnaverndarnefnd ætlaði að hafa á vistuninni, þ.e. að systurnar yrðu aðskildar og að K yrði eftir á Spáni til a.m.k. þriggja mánaða dvalar hjá föður sem hún hafi nánast ekkert umgengist síðustu ár. Því hafi hún mótmælt. Barnaverndarnefnd hafi brugðist við með því að úrskurða fyrst um tveggja mánaða vistun utan heimilis og boðað strax að sótt yrði um vistun utan heimilis til 12 mánaða fyrir dómstólum. Varnaraðili bendir á að þá upptöku sem hafi orðið þegar börnin komu til að kveðja hana í lok maí sl. verði að skoða í

ljósi óánægju hennar með framgang málsins og einnig því áfalli sem hún hafi orðið fyrir þegar henni hafi orðið ljóst að Barnaverndarnefnd hafi látið gefa út vegabréf fyrir börnin hennar án samþykkis hennar.

Varnaraðili kveðst benda á að K hafi af hálfu sóknaraðila verið sett í fóstur til lengri tíma hjá föður sem búsettur sé á Spáni. Ekkert liggi fyrir um hæfi hans sem fósturforeldri og engin gögn hafi verið lögð fram um samþykki Barnastofu um hæfi hans sem fósturforeldri. Með því að vista barnið til lengri tíma erlendis sé varnaraðili svipt möguleika til umgengni við barnið á vistunartíma sem sé algerlega óásættanlegt. Jafnframt bendi varnaraðili á að frásögn Barnaverndarnefndar af samskiptum hennar við föður K sé mjög einhliða og að ekki hafi verið gerð nein tilraun til að upplýsa þann þátt málsins áður en ákvörðun hafi verið tekin um að vista K hjá föður til lengri tíma. Varnaraðili hafi samþykkt fyrir sitt leyti umgengni við hann en hennar skoðun sé sú að fara skuli varlega í sakirnar á meðan verið sé að byggja um samband barns við föður á ný. Að mati varnaraðila hafi Barnaverndarnefnd vanrækt rannsóknarskyldu sína stórlega í þessum þætti málsins og farið offari við að vista stúlkuna til lengri tíma hjá föður sem það hafi lítið verið í sambandi við og á erlendri grund í þökkabót.

Varnaraðili kveðst benda á að krafa sóknaraðila byggi á því að hún eigi við fjölbættan vanda að stríða sem hún hafi ekki náð tökum á með viðeigandi hætti né viljað nýta sér alla þá fjölbreyttu aðstoð sem henni hafi staðið til boða í gegnum tíðina. Varnaraðili mótmæli þessu sem röngu. Hún hafi verið til samvinnu og haft fullan vilja til að nýta sér þá aðstoð sem henni hafi staðið til boða. Varðandi fullyrðingu sóknaraðila um skort á skilningi varnaraðila á þörf stúlkunnar fyrir næringarríkan mat bendi hún á að hún hafi alltaf borið fram venjulegan heimilismat fyrir dætur sínar og mótmæli fullyrðingu sóknaraðila. Varðandi þrif og tannhirðu bendi varnaraðili á að stúlkurnar hafi farið reglulega í bað 2x í viku að lágmarki. Þá hafi varnaraðili alltaf haldið að þeim tannburstun en án þess að beita þær líkamlegri þvingun. Varðandi það sem komi fram í foreldrahæfnismatinu að K sé fremur barnaleg eða óproskuð og að málfar hennar sé ekki gott þá bendir varnaraðili á að K sé heyrnarlaus á hægra eyra og það hafi ekki uppgötvast fyrr en á 6. aldursári. Virðist ekki hafa verið tekið tillit áhrifa þess í þeim rannsóknum og skýrslum í málinu sem liggi fyrir um stúlkuna. Að mati varnaraðila gefi það til kynna að stúlkun hafi alla möguleika til að ná upp því sem hana vanti í málþroska með góðri aðstoð. Varðandi það sem komi fram um að varnaraðili hafi ekki sótt bækur vegna sérkennslu K bendi varnaraðili á að hún sé að sjá þetta í fyrsta sinn í skjali sóknaraðila. Varnaraðili bendi á að það komi fram víða í málskjölunum að hún hafi verið í tíðum og miklum samskiptum við kennara og leikskólakennara dætra sinna og finnst henni furðulegt að skilaboðum hafi ekki verið komið til hennar milliliðalaust ef hún væri ekki að sinna því að sækja bækur fyrir dóttur sína vegna sérkennsluþarfa hennar. Þá bendir varnaraðili á að hún sé með AD/HD og eigi erfitt með einbeitingu og þolinmæði sem geri henni erfitt fyrir þegar kemur að aðstoð við heimanám. Hún geri sitt besta í þessum málum en viðurkennir að stundum hafi ekki gengið vel að láta þær læra sér í lagi K.

Varnaraðili kveðst skora á sóknaraðila að upplýsa með hvaða hætti gefin hafi verið út vegabréf fyrir stúlkurnar þannig að þær hafi getað ferðast til Spánar með fósturaðila sínum og leggja fram gögn um þá afgreiðslu. Einnig að það verði upplýst af hálfu sóknaraðila á hvaða lagagrundvelli hann byggði þessar ákvarðanir og aðgerðir sínar. Varnaraðili telji að hér hafi sóknaraðili farið fram með

ólögmætum hætti og hún mótmæli því með öllu að stúlkurnar hafi farið til útlanda án hennar samþykkis og að gefin hafi verið út vegabréf án hennar samþykkis.

Varnaraðili mótmæli að stúlkurnar séu ekki vistaðar saman á meðan á vistunartímabilinu stendur. Hún telji það ganga gegn hagsmunum stúlkanna og auka álag á þær til muna umfram það sem þörf sé fyrir. Varnaraðili bendi á að við vinnslu málsins hafi ekki verið tekið tillit til hvaða áhrif það kunni að hafa fyrir stúlkurnar að þær séu ekki vistaðar á sama stað né það rannsakað með nokkrum hætti. Þær systur hafi alist upp saman hjá varnaraðila frá fæðingu og séu mjög samrýmdar. Það að þær séu vistaðar utan heimilis valdi miklu álagi og til viðbótar því álagi hafi þær nú verið aðskildar.

Varnaraðili kveðst mótmæla því að dætrum hennar hafi ekki verið skipaðir talsmenn sbr. 3. mgr. 46. gr. laga nr. 80/2002. Því sé sérstaklega mótmælt að ekki hafi verið leitað eftir afstöðu K til þess að hún skyldi vistuð utan heimilis eða að hún yrði vistuð hjá föður til lengri tíma og aðskilin systur sinni. Málsgögn upplýsi að stúlkann segi eitt við varnaraðila og annað við sóknaraðila. Að mati varnaraðila sé það alveg ótækt að starfsmaður Barnaverndarnefndar sé sá aðili sem ræði við K um afstöðu hennar. Það sé alls ekki hægt að leggja slík samtöl til grundvallar í málinu um vilja barnsins. Varnaraðili telji að hér sé um brot á barnaverndarlögum að ræða og að sjónarmið stúlkanna hafi aldrei fengið að koma fram í málinu og málið því unnið með ófullnægjandi hætti að þessu leyti.

Varnaraðili kveðst óska eftir að dómari hafi milligöngu um að rætt verði við stúlkurnar og leitað eftir afstöðu þeirra og þeim gefið tækifæri á að tjá sig. Það sé sérstaklega mikilvægt í tilfalli K sem sé rúmlega níu ára. Vísist til barnalaga og barnaverndarlaga um réttindi barns til að tjá sig og að taka skuli réttmætt tillit til skoðana barns við úrlausn máls. Til stuðnings þessari beiðni bendi varnaraðili á að í foreldrahæfnismati frá 13. september 2010 segi á bls. 10: “K virðist vita mikið um hvað farið hefur á milli móður og barnaverndarstarfsmanns. Hún segir að F hjá barnaverndarnefnd segi að mamma hennar vilji ekki leyfa pabba hennar að hitta sig en “hann vill mig ekki “ segir K.” Þessi fullyrðing starfsmanns Barnaverndarnefndar við stúlkuna um vilja varnaraðila sé ekki í samræmi við afstöðu hennar og sé þessu mótmælt með öllu. Varnaraðili hafi ítrekað sóst eftir umgengni fyrir hönd K við föður sinn. Hann hafi í gegnum tíðina ræktað þá umgengni eftir hentisemi. Að mati varnaraðila staðfesti framangreint að setja verði stórt spurningarmerki við öll vinnubrögð sóknaraðila í þessu máli og sé þá vísað til fleiri atriða sem komið hafi hér fram varðandi ófagmannleg vinnubrögð sóknaraðila í þessu máli. Varnaraðili bendi einnig á í þessu sambandi að lögmaður hennar, sem tók við málinu þann 15. júní sl., hafi metið málið svo eftir samtöl og fund með henni að möguleiki væri á að sætta málið Hafí verið óskaði eftir fundi við sóknaraðila til þess að reyna það til þrautar, en því hafi alfarið verið hafnað af hálfu sóknaraðila. Að mati varnaraðila lýsi þetta afstöðu sóknaraðila til málsins í heild.

Staðan í dag sé sú að K sé í vistun hjá föður á Spáni og viti varnaraðili ekki hvenær hún komi til landsins. Engin umgengni við stúlkuna sé í boði fyrir varnaraðila. S sé í vistun hjá fósturforeldri á Íslandi og hafi varnaraðili ekki fengið umgengni við hana þrátt fyrir munnlega beiðni. Sé vísað til þess af hálfu sóknaraðila að þetta þurfi að fara í formlegt ferli og að taka þurfi formlega ákvörðun um mögulega umgengni varnaraðila við S. Rétt sé að benda á að þegar samkomulag aðila hafi verið í gildi þá hafi varnaraðili notið mikillar umgengni við

báðar dætur sínar án mikilla formlegheita af hálfu sóknaraðila. Varnaraðili muni á næstu dögum sækja formlega um umgengni við dætur sína til sóknaraðila. Með vísan til alls framangreinds verði ekki séð að skilyrði séu fyrir því að verða við kröfu sóknaraðila um vistun stúlkanna utan heimilis í 12 mánuði.

Verði ekki fallist á aðalkröfu málsins sé þess krafist til vara að stúlkurnar verði vistaðar saman á sama stað á Íslandi og að vistunartíminn verði stytur. Sé vísað til þess sem komið hafi fram hér fyrir til stuðnings því. Verði ekki fallist á varakröfu málsins sé þess krafist til þrautavara að stúlkurnar verði vistaðar á Íslandi og að vistunartíminn verði stytur. Sé vísað til þess sem komið hafi fram hér fyrir til stuðnings því.

Varnaraðili byggir kröfur sínar á barnalögum nr. 76/2003, barnaverndarlögum nr. 80/2002, stjórnisýslulögum nr. 37/1993 og Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Krafa um málskostnað byggir á 1. mgr. 60. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Málskostnaðarkrafan byggir á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun byggir á lögum nr. 50/1988.

IV

Svo sem fram er komið hefur sóknaraðili haft afskipti af aðbúnaði dætra varnaraðila og öðrum aðstæðum á heimili varnaraðila vegna tilkynninga um vanrækslu. Á vegum sóknaraðila hafa verið gerðar áætlanir um meðferð máls samkvæmt 23. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Mun varnaraðili hafa sótt uppeldisnámskeið auk þess sem tilsjón á vegum félagsmálayfirvalda hefur verið sett á heimili varnaraðila og varnaraðili þegið fjárhagsaðstoð fyrir tilstilli sóknaraðila. Greinir aðila á um það hvernig gengið hefur að framfylgja þessum áætlunum, en fyrir liggur að varnaraðili hefur í einhverjum tilvikum neitað aðstoð sem hefur verið boðin samkvæmt uppsettri áætlun um stuðning við varnaraðila. Þá liggur einnig fyrir að sóknaraðili hefur gripið inn í aðstæður á heimili varnaraðila og vistað dætur varnaraðila utan heimilis svonefndri neyðarvistun.

Í ítarlegu foreldrahæfismati sálfræðinganna G og V vegna varnaraðila, dagsettu 13. september 2010, kemur fram að samkvæmt tengslaprófi bendi allt til þess að varnaraðili vilji vel í uppeldishlutverkinu en hafi takmarkaða færni við að setja mörk eða halda uppi aga og þurfi stuðning við það. Hafi varnaraðili til margra ára fengið stuðning frá félags- og barnaverndaryfirvöldum vegna efasemda um að varnaraðili sinni dætrum sínum vel. Árangur hafi verið lítill. Þá segir enn fremur að ýmislegt bendi til að varnaraðili hafi ekki nægilega góðan skilning á þörfum dætra sinna og telji sig ekki geta annast þær á réttan hátt og vísi ábyrgð á dætur sínar eða aðra. Enn fremur að varnaraðili nái ekki að sinna almennri tiltekt og þrifum á heimili og verulega skorti á reglusemi og skilning á þörf á næringarríkkum mat fyrir dæturnar. Þá er fullyrt að varnaraðili sinni ekki almennum þrifum og tannburstun hjá dætrum sínum, sinni ekki heimalærdómi eða hafi getu til að hvetja þær og styðja til aukins þroska. Í skýrslunni eru nefndir fimm meginþættir tilfinningalegrar misnotkunar og vanrækslu sem flest allir eru taldir eiga við um varnaraðila. Ástæðan er talin vera reynsla varnaraðila í bernsku, en vanrækslan er talin vera miskilningur, þekkingarleysi, hugsunarleysi frekar en ásetningur til að skaða stúlkurnar, „en þessi vanræksla skaðar engu að síður.“ Það er mat sálfræðinganna að heimilisaðstæður og uppeldisaðferðir varnaraðila valdi stúlkunum óöryggi og

vanlíðan í stað þess að veita þeim viðunandi aðstæður og styrkja þroska þeirra og aðlögunarhæfni. Þá kemur fram að varnaraðili eigi erfitt með að skilja stöðu sína, hún verji stöðu sína og hræðist hvers kyns breytingar. Hafi varnaraðili ekki verið í virkri samvinnu við félagsmálayfirvöld og ýmis úrræði frá þeim hafi ekki skilað árangri.

Fyrir liggur að varnaraðili samþykki með skriflegri yfirlýsingu að sóknaraðili vistaði dætur hennar í sex mánuði utan heimilis samkvæmt 25. gr. laga nr. 80/2002 til 7. september 2011. Kveðið var á um að stúlkurnar yrðu vistaðar saman frá 7. mars 2011 hjá fósturforeldri, en eftir að skóla lyki færi K til föður síns og fjölskyldu hans. Varnaraðili mun hafa dregið samþykki sitt um vistun K til baka þar sem hún gat ekki sætt sig við að hún dveldi lengur en mánuð hjá föður sínum.

Með úrskurði sóknaraðila, dagsettum 20. apríl 2011, var kveðið á um að dætur varnaraðila, þær K og S skuli vistaðar á heimili á vegum sóknaraðila í allt að tvo mánuði frá og með 20. apríl 2011 á grundvelli a. liðar 1. mgr. 27. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Krafa sóknaraðila fyrir dómi um vistun utan heimilis í eitt ár, sbr. heimild 1. mgr. 28. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, er byggð á „greinargerð“ starfsmanns sóknaraðila, dagsettri 12. apríl 2011. Í forsendum úrskurðarins kemur meðal annars fram að samstarf við varnaraðila hafi verið erfitt og mat starfsmanna sóknaraðila sé að varnaraðila skorti innsæi í vanda sinn og hvaða þætti hún þurfi að vinna með til þess að skapa stúlkunum þær uppeldisaðstæður sem séu nauðsynlegar til að þær þrífist og dafni. Enn fremur að varnaraðili sé ekki fær um að sinna ummönnun dætra sinna og sjá til þess að þær alist upp við viðunandi uppeldisskilyrði. Varnaraðili geti sæst á að dætur hennar séu vistaðar tímabundið utan heimilis en eigi erfitt með að gera sér grein fyrir því hvað það sé sem þurfi að bæta til að þær geti komið aftur og búið hjá varnaraðila.

Samkvæmt framangreindu og gögnum málsins liggur fyrir að úrræði samkvæmt 23-26. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 hafa verið reynd um nokkurt skeið. Þá þykir, meðal annars með áður nefndu foreldrahæfismati, sýnt fram á að úrræði í samvinnu við varnaraðila hafa ekki skilað viðhlítandi árangri. Í húfi eru brýnir hagsmunir tveggja ungra dætra varnaraðila sem búa við óöryggi, vanlíðan og vanrækslu sem hamlað hefur þroska þeirra. Þykir að mati dómsins sýnt fram á það í málinu að vægari úrræðum sem beitt hefur verið séu fullreynd í samskiptum málsaðila til að koma málum í rétt horf. Um það vitna meðal annars áætlanir sem liggja fyrir og varnaraðili hefur samþykkt fyrir sitt leyti, svo og ítarleg skýrsla um foreldrahæfi varnaraðila. Af forsendum í úrskurði sóknaraðila og öðrum framlögðum gögnum verður einnig ráðið að þau úrræði sem varnaraðili hefur þó gengist undir hafa ekki skilað tilætluðum árangri. Að mati dómsins er sýnt fram á að vistun stúlkanna utan heimilis varnaraðila var nauðsynleg eins og á stóð og verður ekki fallist á það með varnaraðila að sóknaraðili hafi í málinu gengið á svig við ákvæði 7. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. 38. gr. sömu laga.

Að virtu öllu framangreindu og þegar haft er í huga hvað ætla má að sé dætrum varnaraðila fyrir bestu, sbr. 1. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga, er fallist á kröfu sóknaraðila um að stúlkurnar K og S verði vistaðar utan heimilis varnaraðila samkvæmt heimild í 1. mgr. 28. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Rétt þykir að fallast á kröfu sóknaraðila um að vistunin standi í 12 mánuði frá 15. apríl 2011 að telja. Það athugast að í framlögðum málsgögnum frá sóknaraðila gætir misræmis um upphafstíma ákvörðunar sóknaraðila um vistun dætra varnaraðila, sem ýmist er

tilgreindur 15. apríl eða 20. apríl 2011 og er úrskurður sóknaraðila ýmist dagsettur 15. eða 20. apríl. Í kröfum sóknaraðila fyrir dóminum er miðað við 15. apríl 2011. Við aðalmeðferð málsins lagði lögmaður sóknaraðila fram staðfest endurrit af úrskurði sóknaraðila þar sem segir að vistun dætra varnaraðila á heimili á vegum sóknaraðila skuli vera frá og með 20. apríl. Lögmaður varnaraðila lýsti því yfir við munnlegan flutning málsins að fallist væri á það tímamark sem tilgreint væri í kröfum sóknaraðila fyrir dómi. Að því gættu þykja ekki efni til annars en að miða við 15. apríl 2011.

Nokkur töf varð á rekstri málsins fyrir dóminum, meðal annars vegna þess að sá lögmaður sem mætti við þingfestingu málsins 18. maí sl. sagði sig síðar frá hagsmunagæslu fyrir varnaraðila og varð að fresta málinu um hríð af þeim sökum. Greinargerð varnaraðila var lögð fram í þinghaldi 20. júní sl. Þann dag var málinu frestað vegna tilmæla dómsins um að dætur varnaraðila kæmu til viðtals, sbr. 3. mgr. 55. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, en þeim tilmælum var ekki sinnt af sóknaraðila sem taldi það raska hagsmunum eldri dóttur varnaraðila, K sem dvelur hjá föður sínum á Spáni.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður. Gjafsóknarkostnaður varnaraðila, A, sem er þóknun lögmanns hennar, Sonju Maríu Hreiðarsdóttur héraðsdómslögmanns, greiðist úr ríkissjóði, sbr. 1. mgr. 60. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Þykir þóknunin hæfilega ákveðin 561.613 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Jón Höskuldsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Fallist er á kröfu sóknaraðila, Barnaverndarnefndar [...], um að stúlkurnar K og S, verði vistaðar utan heimilis varnaraðila í 12 mánuði frá 15. apríl 2011 til 15. apríl 2012.

Gjafsóknarkostnaður varnaraðila, sem er þóknun lögmanns hennar, Sonju Maríu Hreiðarsdóttur hdl., 561.613 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum, greiðist úr ríkissjóði.

Jón Höskuldsson